

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 17. ágúst 2018
UST201808-018/B.S.
09.04.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skógrækt – Geirhildargarða. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 31. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að rækta skóg á um 46 ha svæði í landi jarðarinnar Geirhildargarða í Öxnadal, sem er í eyði. Fyrirhugað skógræktarsvæði er innan fjarsvæðis vatnsverndarsvæðis Hörgársveitar sem nær yfir allan Öxnadal. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta fjölnytjaskóg og binda kolefni úr andrúmsloftinu og vonast er til að skógurinn muni skila af sér viðarnytjum í framtíðinni. Gróðursett verða bæði lauftré og grenitré. Skógræktarsvæðið mun ná frá Þjóðvegi 1 og upp í fjallsrætur.


Til að draga úr sjónrænum áhrifum skógarins verður gróðursett birki efst á svæðinu og gisið þannig að skógurinn falli betur að fjallshlíðinni. Forðast verður að gróðursetja í votlendi. Áburðargjöf verður takmörkuð við lítið magn þegar gróðursett er. Talið er að trjágróður hafi frekar jákvæð áhrif á vatnsvernd þar sem talið er trjágróður auki vatnsgæði með síun vatns og minnki sveiflur í vatnsbúskapnum.


Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði á landslag og gróður sem hvorki er talinn sérstæður né sjaldgæfur. Áhrif á vatnsgæði verða að líkindum jákvæð og mun smávægileg áburðargjöf hafa hverfandi áhrif. Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar að skipuleggja skóglendið með tilliti til landforma og vistkerfa þannig að áhrif verði sem minnst. Greinargerð er góð og ítarleg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin telur að forðast eigi að gróðursetja í beinar línur með girðingum og meðfram þjóðvegi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri